



Faghópur II

Fundargerð 16. fundar

Orkugarði 23. september 2009, kl. 16:00

Mætt: Anna G. Sverrisdóttir, Anna Dóra Sæþórsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Ólafur Örn Haraldsson, Sveinn Runólfsson og Tómas Þór Tómasson sem skrifaði fundargerð. Einnig sat fundinn Friðrik Dagur Arnarsson úr verkefnisstjórn.

Forföll: Rögnvaldur Ólafsson.

Fundarfrásögn:

1. **Fundargerð** síðasta fundar var samþykkt með nokkrum athugasemdum.
2. **Nýir meðlimir faghópsins.** Samþykkt var að faghópurinn óskaði eftir því að Friðrik Dagur yrði formlega hluti af faghópi 2 og mun formaður faghópsins leggja fram tillögu þess efnis á næsta verkefnisstjórnarfund. Rædd var sú ábending sem kom frá ??? um að Guðni Guðbergsson, fiskifræðingur frá Veiðimálastofnun, tæki þátt í starfi faghópsins. Ákveðið var að þiggja liðsstyrk hans við mat á hlunnindum.
3. **Fundur í Gunnarsholti.** Ákveðið var að þiggja boð Sveins um að 2ja daga fundur, 14.-15. október, verði haldinn í Gunnarsholti.
4. **Afmörkun áhrifasvæða virkjana vegna ferðapjónustu og útivistar.** Ákveðið hafði verið að hefja mat á virkjunarkostum á Torfajökulssvæði og Markarfljóti. Formaður lagði fram tillögu þess efnis að þær virkjanir sem um var að ræða (þ.e. Markarfljót A og B og allar útfærslur af virkjunum á Torfajökulssvæðinu) hefðu áhrif á sama svæðið, þ.e. frá hálendisbrún í Markarfljóti, allt Torfajökulssvæðið og tengingu að Langasjó. Við mat á afmörkun svæðisins var m.a. tekið mið af skipulögðum ferðum (t.d. gönguferðum og hestaferðum) því ferðast er frá Langasjó um Fjallabak í einni og sömu ferðinni. Samtök ferðapjónustunnar hafa auk þess ályktað um nauðsyn þess að vernda allt Torfajökulssvæðið (Fjallabakssvæðið?) vegna skipulagðra ferða sem fara þar um. Ólafur taldi að ekki mætti skipta Torfajökulssvæðinu upp í einingar í kringum einstakar virkjanahugmyndir þar sem um eina órofa heild væri að ræða. Miklar umræður urðu um tillögu formanns en hópurinn komst ekki að ákveðinni niðurstöðu um afmörkun svæðisins. Unnið var í virðismati vegna virkjanahugmynda Markarfljóts, tilhögun A. Formaður mun senda út óskir um heimaverkefni í nefndarmanna í lok vikunnar.
5. **Prentuð kort.** Ákveðið var að prenta út öll kort sem fylgja lýsingum á virkjunarkostum þannig að hver meðlimur fái eitt sett. Anna Dóra ítrekaði fyrri ósk um að faghópurinn hefði kort sem sýndi alla virkjunarkostina saman á einu korti til að auðvelda faghópunum yfirsýn yfir verkið og samhengi framkvæmdanna.
6. **Næsti fundur** verður haldinn 30. september kl. 16:00-18:00 á Orkustofnun.